



Sýn hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 30. júní 2024



vísir



SPORT



BYLGJAN
989



ENDOR

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	4
Fjárhagslegar lykiltölur	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10
Viðauki:	
Ársfjórðungsyfirlit	14

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sýn hf. er alhliða félag á sviði fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið rekur marga af öflugustu fjölmiðlum landsins eins og Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, Xið og fleiri landsþekktu miðla. Félagið veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu undir vörumerkjum Vodafone á Íslandi ásamt dótturfélagunum Endor ehf. og Já hf. (dótturfélag Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf.). Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Sýnar hf. og dótturfélaga þess (Endor ehf. og Eignarhaldssfélagið Njála ehf.) ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga.

Niðurstaða ársheimingsins

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 11.416 millj. kr. Tap af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 339 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 34.037 millj. kr. 30. júní 2024. Eigið fé samstæðunnar þann 30. júní 2024 nam 9.864 millj. kr. Þar af nam hlutfé 2.476 millj. kr. Hver hlutur er 10 krónur að nafnverði. Eiginfjárlutfallið 30. júní 2024 var 29%.

Breyting í afkomu félagsins milli tímabila skýrist einna helst af breytilegum tekjum af IoT þjónustu annars vegar og einskis afsláttar af efniskaupum í fyrra vegna uppgjors við birgja. Áframhaldandi tekjuvöxtur er í auglýsingasölu og heimatengingum.

Óvissa um hvernig stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins tekst til við að ráða niðurlögum verðbólgu og lækka vexti eru áfram almennir óvissuþættir í ytra umhverfi Sýnar jafnt sem annarra fyrirtækja hér á landi, að öðru leyti er vísað til ársreikning félagsins árið 2023 um umfjöllun um óvissuþætti.

Kaup á eigin hlutum og lækkun hlutafjár

Þann 9. nóvember 2023 hófst endurkaupaáætlun sem lauk 16. febrúar 2024. Félagið keypti keypti 1.598.815 hluti fyrir 76 millj. kr. Þann 11. apríl 2024 var hlutaféð lækkað í samræmi við fjölda eigin hluta og voru útgefnir hlutar í félaginu 247.648.960 eftir lækkunina. Skráning hjá Nasdaq á útgefnu hlutfé fór fram 13. maí 2024.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2024 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. ágúst 2024

Í Stjórn

Hákon Stefánsson, stjórnarformaður

Rannveig Eir Einarsdóttir, varaformaður

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir

Páll Gíslason

Ragnar Páll Dyer

Forstjóri

Herdís Dröfn Fjeldsted

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Sýnar hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Sýnar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 28. ágúst 2024

KPMG ehf.

Hjördís Ýr Ólafsdóttir
endurskoðandi

Fjárhagslegar lykiltölur

	2024 2F*	2023 2F*	2024 6M	2023 6M
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	5.482	5.632	11.416	11.493
Rekstrarhagnaður (EBIT)	50	574	169	1.002
EBITDA tímabilsins	1.042	1.583	2.421	3.080
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(276)	277	(476)	496
(Tap) hagnaður tímabilsins	(186)	269	(339)	483
(Tap) hagnaður á hlut	(0,77)	1,07	(1,40)	1,75
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	598	686	1.041	1.246
Fjárfestingar í sýningarréttum	567	414	1.067	975
Frjálst fjárflæði (FCF)	(449)	272	(180)	325
Handbært fé frá rekstri	391	1.094	1.283	2.014
	30.6. 2024	31.3. 2024	31.12. 2023	30.6. 2023
Hreinar vaxtaberandi skuldir	19.346	18.765	18.596	17.899

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2024

	Skýr.	2024 2F*	2023 2F*	2024 6M	2023 6M
Seldar vörur og þjónusta	5	5.482	5.632	11.416	11.493
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	6	(3.664)	(3.540)	(7.746)	(7.331)
Framlegð		1.818	2.092	3.670	4.161
Rekstrarkostnaður	7	(1.768)	(1.518)	(3.501)	(3.159)
Rekstrarhagnaður		50	574	169	1.002
Fjármunatekjur		6	7	22	26
Fjármagnsgjöld		(327)	(297)	(667)	(572)
Gengismunur		(5)	(6)	(0)	40
Hrein fjármagnsgjöld		(326)	(296)	(645)	(506)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt		(276)	277	(476)	496
Tekjuskattur		90	(8)	137	(13)
(Tap) hagnaður tímabilsins		(186)	269	(339)	483
Önnur heildarafkoma					
<i>Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur</i>					
Þýðingarmunur		(6)	(1)	(10)	(18)
Heildarafkoma tímabilsins		(191)	268	(349)	465
(Tap) hagnaður á hlut		(0,77)	1,07	(1,40)	1,75

*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum.

Skýringar á bls. 10-13 eru óaðskiljanlegur hluti árs hlutareiknings félagsins.

Efnahagsreikningur

30. júní 2024

	Skýr.	30.6.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Leigueignir		7.709	8.420
Rekstrarfjármunir		3.281	3.290
Viðskiptavild		9.090	9.097
Aðrar óefnislegar eignir		5.228	4.976
Langtímaleigukröfur		132	141
Eignahlutir í félögum		175	174
Fastafjármunir samtals		25.614	26.098
Veltufjármunir			
Sýningarréttir		2.201	2.008
Birgðir		456	628
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	9	5.363	5.576
Eignir í sölumeðferð	10	267	0
Handbært fé		136	624
Veltufjármunir samtals		8.423	8.837
Eignir samtals		34.037	34.935
Eigið fé			
Hlutfé		2.476	2.493
Yfirverðsreikningur hlutfjár		542	602
Annað bundið eigið fé		337	274
Óráðstafað eigið fé		6.509	6.920
Eigið fé		9.864	10.288
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	11	4.294	4.461
Leiguskuldbindingar		11.597	11.964
Tekjuskattsskuldbinding		17	152
Langtímaskuldir samtals		15.908	16.577
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	11	2.963	1.779
Leiguskuldbindingar		629	1.016
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	12	4.393	5.275
Skuldir í sölumeðferð	10	280	0
Skammtímaskuldir samtals		8.264	8.070
Skuldir samtals		24.172	24.647
Eigið fé og skuldir samtals		34.037	34.935

Skýringar á bls. 10-13 eru óaðskiljanlegur hluti ársþlutareiknings félagsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. júní 2024

	Yfirverðs- reikningur		Annað bundið eigið fé			
	Hlutfé	hlutfjár	Þýðingar- munur	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
1.1. til 30.6.2023						
Eigið fé 1.1.2023	2.668	806	50	79	5.866	9.469
Hagnaður tímabilsins	-	-	-	-	483	483
Þýðingarmunur	-	-	(18)	-	-	(18)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(18)	0	483	465
Keyptir eigin hlutir	(158)	(772)	-	-	-	(930)
Greiddur arður	-	-	-	-	(281)	(281)
Lagt í lögbundinn varasjóð v. kaupa á eigin bréfum	-	595	-	-	(595)	0
Hagnaður hlutdeildarf. og dótturf. umfram arðgr.	-	-	-	57	(57)	0
Eigið fé 30.6.2023	2.510	629	32	136	5.417	8.724
1.1. til 30.6.2024						
Eigið fé 1.1.2024	2.493	602	48	226	6.920	10.288
Tap tímabilsins	-	-	-	-	(339)	(339)
Þýðingarmunur	-	-	(10)	-	-	(10)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(10)	0	(339)	(349)
Keyptir eigin hlutir	(16)	(60)	-	-	-	(76)
Hagnaður hlutdeildarf. og dótturf. umfram arðgr.	-	-	-	73	(73)	0
Eigið fé 30.6.2024	2.476	542	38	299	6.509	9.864

Á fyrsta fjórðungi ársins keypti félagið 1.598.815 hluti fyrir 76 millj. kr. Fyrir átti félagið 1.753.979 hluti. Á aðalfundi félagsins þann 11. apríl var samþykkt að lækka hlutfé í samræmi við fjölda eigin hluta, eftir lækkunina eru útgefnir hlutir í félaginu 247.648.960. Skráning hjá Nasdaq á útgefnu hlutfé fór fram 13. maí 2024.

Skýringar á bls. 10-13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. júní 2024

	Skýr.	2024 2F*	2023 2F*	2024 6M	2023 6M
Hagnaður tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi		(186)	269	(339)	483
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	8	992	1.010	2.252	2.078
Hrein fjármagnsgjöld		326	296	645	506
Tekjuskattur		(90)	8	(137)	13
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.043	1.583	2.421	3.080
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, breyting		101	(60)	172	(323)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting		244	230	216	588
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		(672)	(380)	(881)	(800)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		716	1.373	1.928	2.545
Innborgaðar vaxtatekjur		6	7	22	26
Greidd vaxtagjöld		(331)	(286)	(667)	(558)
Handbært fé frá rekstri		391	1.094	1.283	2.014
Fjárfestingahreyfingar					
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(255)	(419)	(362)	(731)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(343)	(267)	(679)	(514)
Fjárfesting í sýningarréttum		(567)	(414)	(1.067)	(975)
Fjárfestingahreyfingar		(1.165)	(1.101)	(2.108)	(2.220)
Fjármögnunarhreyfingar					
Greiddur arður		0	(281)	0	(281)
Keyptir eigin hlutir		0	(0)	(76)	(930)
Afborganir vaxtaberandi skulda		(84)	(85)	(169)	(217)
Rekstrarlán, breyting		1.125	822	1.184	942
Afborgun leiguskuldbindinga		(188)	(320)	(600)	(638)
Fjármögnunarhreyfingar		853	136	339	(1.123)
Breyting á handbæru fé		79	129	(485)	(1.329)
Handbært fé í byrjun tímabils		58	603	624	2.063
Áhrif gengisumreiknings dótturfélags á handbært fé		(1)	(4)	(3)	(5)
Handbært fé í lok tímabilsins		136	729	136	729

*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum.

Skýringar á bls. 10-13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Skýringar

1. Félagið

Sýn hf. („félagið“) er íslenskt hlutfélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla-, og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X 977, Já og dótturfélagið Endor ehf. Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 hefur að geyma árshlutareikning félagsins, dótturfélaga þess, Endor ehf. og Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf., ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

2. Reikningsskilin

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Samstæðuárshlutareikningur félagsins 1. janúar til 30. júní 2024 er kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreiknings fyrir árið 2023. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2023. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins www.syn.is. og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundi þann 28. ágúst 2024

b. Mat og ákvarðanir stjórnenda

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Það er mat stjórnenda að mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda sé óverulegur.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuárshlutareikningur félagsins er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Starfspáttayfirlit

Samstæðan skilgreinir starfspáttu eftir innri upplýsingagjöf til stjórnenda og telst samstæðan í heild vera einn starfspáttur.

5. Seldar vörur og þjónusta

	2024	2023	2024	2023
Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:	2F	2F	6M	6M
Vörusala	252	282	540	611
Seld þjónusta	5.230	5.350	10.876	10.881
Seldar vörur og þjónusta samtals	5.482	5.632	11.416	11.493

	Fjöl-				Hýsingar- og rekstrar-		Aðrar	
Tekjustraumar	miðlun	Internet	Farsími	Fastlína	lausnir	Vörusala	tekjur	Samtals
1.1. til 30.6.2024								
Tekjur	4.789	2.307	2.115	208	989	540	469	11.416
1.1. til 30.6.2023								
Tekjur	4.393	2.204	2.445	227	1.204	611	409	11.493

Skýringar, frh.:

6. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:	2024 2F	2023 2F	2024 6M	2023 6M
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	2.241	2.151	4.623	4.494
Laun og launatengd gjöld	763	724	1.565	1.451
Eignfærð laun	(41)	(59)	(109)	(115)
Afskriftir	701	724	1.666	1.501
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	3.664	3.540	7.746	7.331

7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:	2024 2F	2023 2F	2024 6M	2023 6M
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	416	409	861	812
Sölu- og markaðskostnaður	101	81	225	175
Laun og launatengd gjöld	1.035	946	2.005	1.875
Eignfærð laun	(75)	(203)	(175)	(280)
Afskriftir	291	285	585	577
Rekstrarkostnaður samtals	1.768	1.518	3.501	3.159

8. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2024 2F	2023 2F	2024 6M	2023 6M
Afskriftir rekstrarfjármuna	213	152	423	378
Afskriftir óefnislegra eigna	187	174	374	353
Afskriftir afnotaréttta	207	332	581	666
Afskriftir sýningarréttta	386	524	874	1.047
Endursamningar við birgja*	0	(173)	0	(366)
Afskriftir samtals	992	1.010	2.252	2.078

*Endursamningar við birgja hafa áhrif til lækkunar afskrifta sýningarréttta á árinu 2023.

9. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	30.6.2024	31.12.2023
Viðskiptakröfur	3.485	3.269
Krafa vegna sölu á stofnneti	1.570	2.000
Aðrar skammtímakröfur	347	333
Leigukröfur	29	28
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(68)	(53)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	5.363	5.576

Skýringar, frh.:

10. Eignir og skuldir í sölumeðferð

Hexatronic Group hefur undirritað viljayfirlýsingu um að kaupa hluta af starfsemi Endor hf., sem er í eigu Sýnar hf. Starfsemin sem er í sölumeðferð snýr að samþættum upplýsingatæknilausnum fyrir stærri fyrirtæki og stofnanir. Sala starfseminnar hefur óveruleg áhrif á EBIT samstæðunnar. Umrædd starfsemi telst ekki aflögð starfsemi en eignir hennar og skuldir eru flokkaðar í sérstakur liður í efnahagsreikningi.

Eignir í sölumeðferð	30.6.2024
Leigugæignir	262
Kröfur á dótturfélög	5
Eignir í sölumeðferð samtals	267

Skuldir í sölumeðferð	30.6.2024
Leiguskuldbindingar	278
Skuldbindingar vegna dótturfélaga	2
Skuldir í sölumeðferð samtals	280

11. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig	30.6.2024	31.12.2023
Skuldir við lánastofnanir	7.256	6.240
Næsta árs afborganir	(2.963)	(1.779)
Vaxtaberandi skuldir samtals	4.294	4.461

Hreyfingar vaxtaberandi skulda		
Staða 1.1.	6.240	5.174
Afborganir	(169)	(375)
Breytingar á rekstrarlánalínu	1.184	1.441
Staða	7.256	6.240

Afborganir af vaxtaberandi skuldum greinast þannig á næstu ár:	30.6.2024	31.12.2023
Afborganir 2024	1.968	1.779
Afborganir 2025	995	337
Afborganir 2026	337	337
Afborganir 2027	337	337
Afborganir 2028	337	337
Síðar	3.281	3.113
Samtals	7.256	6.240

12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	30.6.2024	31.12.2023
Viðskiptaskuldir	2.473	3.261
Ógreiddur virðisaukaskattur	240	251
Fyrirfram innheimtar tekjur	543	591
Ógreiddur áfallinn kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	1.137	1.173
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	4.393	5.275

13. Önnur mál

Enski boltinn

Sýn hefur tryggt sér sýningarréttinn að ensku úrvalsdeildinni frá tímabilinu 2025/2026 til 2027/2028. Staðfestingargjald hefur verið greitt en engin skuldbinding hefur verið færð í árshlutareikning félagsins vegna ensku úrvalsdeildarinnar.

Rafmagnsbruni í tækjasal

Í sumar varð rafmagnsbruni í tækjarými félagsins í bakhúsi, að Ármúla 9. Félagið hefur tilkynnt váttryggingafélagi sínu um tjón sem varð á lausafé og tækjabúnaði. Váttryggingafélag hefur viðurkennt bótaskyldu og staðfest að greitt verði úr hlutaðeigandi tryggingum. Enn er verið að meta áhrif rafmagnsbrunans á tækjabúnað félagsins og því er ekki unnt að leggja mat á virði eignanna sem um ræðir á þessu stigi en ljóst er að uppgjörið verður félaginu óhagstætt, en áhrif á rekstur félagsins óveruleg. Vegna óvissunnar um verðmæti og virkni eignanna í tækjarýminu hafa eignirnar ekki verið færðar út og krafa á tryggingafélagið ekki verið færð í efnahag.

Skýringar, frh.:

13. Önnur mál, frh.

Málarekstur

Sýn hf. á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðargreiðslur með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurða, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið. Um málarekstur Sýnar hf. vísast í skýringu nr. 29 í ársreikningi 2023 og árshlutareikning vegna fyrsta ársfjórðungs 2024, en engar verulegar breytingar hafa orðið frá lokum fyrsta ársfjórðungs.

Félagið getur ekki metið með nægjanlegri vissu framtíðar skuldbindingar eða kröfur sem leiða af niðurstöðum ofangreinds málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöðu í mál, ásamt því að mál geta þróast í ólíkar áttir. Vegna þess hefur engin skuldbinding eða krafa verið færð vegna þessara ágreiningsmála í árshlutareikning félagsins á öðrum ársfjórðungi.

Ársfjórðungsýfirlit*

	2023	2023	2023	2023	2024	2024
	1F	2F	3F	4F	1F	2F
Seldar vörur og þjónusta	5.860	5.632	5.730	6.253	5.934	5.482
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(3.791)	(3.540)	(3.594)	(4.736)	(4.082)	(3.664)
Framlegð	2.069	2.092	2.136	1.517	1.852	1.818
Hagnaður af sölu stofnnets	-	-	-	2.436	-	-
Rekstrarkostnaður	(1.641)	(1.518)	(1.544)	(2.002)	(1.733)	(1.768)
Rekstrarhagnaður	428	574	592	1.950	119	50
Fjármunatekjur	19	7	7	12	16	6
Fjármagnsgjöld	(275)	(297)	(313)	(327)	(340)	(327)
Gengismunur	46	(6)	41	(48)	5	(5)
Hrein fjármagnsgjöld	(210)	(296)	(265)	(363)	(319)	(326)
Tekjuskattur	(5)	(8)	(6)	(281)	46	90
Hagnaður tímabilsins	213	269	321	1.306	(153)	(186)
Þýðingarmunur vegna erlends dótturfélags	(17)	(1)	5	11	(5)	(6)
Heildarafkoma tímabilsins	196	268	326	1.317	(158)	(191)
EBITDA	1.497	1.583	1.668	3.538	1.379	1.042
EBITDA %	25,5%	28,1%	29,1%	56,6%	23,2%	19,0%

*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum